



Ársskýrsla
peningaþvættisskrifstofu
ríkislögreglustjóra 2007



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	4
I. Inngangur.....	5
II. Tilkynningarskyldir aðilar skv. lögum nr. 64/2006.....	6
III. Alþjóðlegt samstarf – Egmont Group.....	7
IV. Úttekt Financial Action Task Force (FATF) á Íslandi 2006.....	8
V. Eftirfylgni peningaþvættisskrifstofu við matskýrslu FATF um Ísland frá október 2006.....	8
VI. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.....	10
VII. Skráning upplýsinga frá peningaþvættisskrifstofu í landskerfi lögreglunnar.....	11
VIII. Ábyrgðarmenn aðgerða gegn peningaþvætti.....	12
IX. Tilkynningar til peningaþvættisskrifstofu um grunsamleg viðskipti árið 2007.....	13
X. Þróun í fjölda tilkynninga um grun um peningaþvætti frá árinu 1993.....	14
XI. Fræðslufundir á vegum peningaþvættisskrifstofu.....	15
XII. Þróun og aðferðir við peningaþvætti – Dæmi.....	16
XIII. Dómar sem fjalla um peningaþvætti.....	17
XIV. Verkefni fram undan.....	18
XV. Fylgiskjöl.....	19
A. Leiðbeiningar um tilkynningar vegna gruns um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.....	20
B. Eyðublað fyrir tilkynningu um grun um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.....	23
C. Eyðublöð fyrir áreiðanleikakönnun viðskiptamanns 1) Einstaklingur búsettur hérlendis.....	24
2) Íslenskur lögaðili.....	25
D. Lagaákvæði sem koma til skoðunar við áreiðanleikakönnun.....	26

FORMÁLI

Ársskýrsla þessi er unnin með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 626/2006 um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningþvætti. Samkvæmt reglugerðarákvæðinu skal peningþvættisskrifstofa varðveita og birta árlega upplýsingar um fjölda tilkynninga um grunsamleg viðskipti, hvernig tilkynningum er fylgt eftir, fjölda tilvika sem rannsakaður er, fjölda einstaklinga sem eru saksóttir eða dæmdir fyrir peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, verðmæti og tegund eigna sem hafa verið kyrrsettar eða lagt hald á á grundvelli laga um meðferð opinberra mála eða gerðar upptækar á grundvelli almennra hegningarlaga. Peningþvættisskrifstofa skal einnig miðla nýjustu upplýsingum um aðferðir við peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka til tilkynningarskyldra aðila og hvernig unnt sé að greina viðskipti sem falla undir ákvæði laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hugtakið peningþvættisskrifstofa er hér notað yfir Financial Intelligence Unit (FIU). Ríkislögreglustjóri annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 804/2007 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota. Peningþvættisskrifstofa er sú eining innan embættis ríkislögreglustjóra þar sem móttaka og meðhöndlun tilkynninga um grunsamlega viðskiptahætti fer fram samkvæmt 17. og 18. gr. laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 626/2006.

I. INNGANGUR

Meðal helstu verkefna peningaþvættisskrifstofu á árinu 2007 auk hefðbundinna starfa, sem eru móttaka og greining tilkynninga um grun um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, var að bregðast við athugasemdum og tilmælum Financial Action Task Force (FATF) sem koma fram í matskýrslu FATF frá október 2006 um skrifstofuna og greint var frá í árskýrslu hennar fyrir árið 2006.

Á árinu 2007 var sérstök áhersla lögð á að ná til tilkynningarskyldra aðila annarra en fjármálafyrirtækja. Haldnir voru fræðslufundir með lögmönnum, endurskoðendum, fasteignasölum, váttryggingamiðlurum og fulltrúum váttryggingafélaga en líftryggingafélög og váttryggingaumboðsmenn eru tilkynningarskyldir aðilar. Auk þess var haldinn kynningarfundur með helsta uppboðshaldara landsins á listmunum.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, sem peningaþvættisskrifstofa er hluti af, hefur tekið þátt í störfum ráðgjafanefndar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem er samstarfsvettvangur ráðuneyta og stofnana auk fulltrúa tilkynningarskyldra aðila um málaflokkinn. Vinna nefndarinnar hefur verið að stýra og hafa umsjón með eftirfylgni af hálfu Íslands vegna athugasemda í ofangreindri matskýrslu FATF en Ísland þarf að standa skil á aðgerðum vegna athugasemda FATF í matskýrslunni í október 2008. Hefur m.a. verið unnið að endurskoðun laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með tilliti til ofangreindra athugasemda FATF.

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld og viðskiptalíf kappkosti að uppfylla kröfur FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og að vera þar í hópi ríkja sem eru í fremstu röð. Skortur á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka getur haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir fjármálafyrirtæki og fjármálakerfið í heild og haft veruleg áhrif á orðspor íslensks fjármálamarkaðar og viðskiptalífs.

II. TILKYNNINGARSKYLDIR AÐILAR SKV. LÖGUM NR. 64/2006

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Gildir þetta einkum um viðskipti sem eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamannsins eða virðast ekki hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 64/2006.

Tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru eftirtaldir:

- a. Fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
- b. Líftryggingafélög og lífeyrissjóðir.
- c. Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga þegar þeir miðla líftryggingum eða öðrum söfnunartengdum tryggingum skv. 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.
- d. Útibú erlendra fyrirtækja sem staðsett eru á Íslandi og falla undir a–c-lið.
- e. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta.
- f. Lögmenn og aðrir lögfræðingar í eftirfarandi tilvikum:
 - i. þegar þeir sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum;
 - ii. þegar þeir aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja, sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns, opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum, útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum eða stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþekktum aðilum.
- g. Endurskoðendur.
- h. Aðrir einstaklingar og lögaðilar þegar þeir í starfi sínu inna af hendi sömu þjónustu og talin er upp í f-lið, t.d. skattaráðgjafar eða aðrir utanaðkomandi ráðgjafar.
- i. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar.
- j. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
- k. Þjónustuaðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sbr. skilgreiningu í 3. gr.
- l. Einstaklingar eða lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlega þegar greiddir eru út vinningar.

Vakin er athygli á j-lið hér að ofan. Undir hann geta t.d. fallið bílasalar, skartgripasalar, listmunasalar og allir þeir sem í atvinnuskyni selja hluti fyrir reiðufé að fjárhæð 15.000 evrur eða meira. Til skoðunar gæti komið hvort ekki væri rétt að tilgreina sérstaklega bílasala og jafnvel fleiri aðila sem tilkynningarskylda aðila í 2. gr.

Fái Fjármálaeftirlitið, önnur stjórnvöld eða aðrir fagaðilar sem hafa eftirlit með starfsemi tilkynningarskyldra aðila í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka skal það tilkynnt til lögreglu, sbr. 26. gr. laga nr. 64/2006.

III. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF – EGMONT GROUP

Saksóknari efnahagsbrota sótti aðalfund Egmont Group í júní 2007 á Bermúdaeyjum.

Egmont-samstarfið á rætur sínar að rekja allt til 1995 þegar fulltrúar peningaþvættisskrifstofa (e. Financial Intelligence Unit, FIU) nokkurra ríkja komu saman í Egmont Arenberg kastala í Brussel. Samstarfið dregur heiti sitt af þessum kastala. Ísland var eitt af fyrstu ríkjunum til að taka þátt í samstarfinu. Egmont Group eru samtök peningaþvættisskrifstofa frá rúmlega eitt hundrað ríkjum en eru ekki alþjóðleg stofnun með aðild ríkja. Aðildarríkjunum fjölgaði í 108 á fundinum á Bermúdaeyjum. Samstarfið innan Egmont Group er peningaþvættisskrifstofu mjög mikilvægt enda veitir það aðgang að lokuðu tölvupóstkerfi og heimasíðu með upplýsingum um ýmsa hluti tengda vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, auk þess sem lokaða tölvupóstkerfið veitir peningaþvættisskrifstofu aðgang að upplýsingum um fyrirtæki og einstaklinga í yfir eitt hundrað ríkjum þar á meðal s.k. aflandsríkjum skv. einfaldri beiðni þar um. Íslenska peningaþvættisskrifstofan hefur verið með í þessu tölvukerfi frá 2004. Skilyrði fyrir þátttöku í samstarfinu hafa verið að um sé að ræða peningaþvættisskrifstofur á landsvísu og að þær taki við og greini tilkynningar frá fjármálastofnunum og ýmsum öðrum um grunsamlegar peningafærslur sem tengst geta peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Barátta gegn fjármögnun hryðjuverka varð hluti af þessu samstarfi eftir hryðjuverkin 2001 og urðu formlegt skilyrði þátttöku í Egmont Group árið 2004.

Allan tímann frá því að samstarfinu var komið á fót og fram á árið 2007 var skrifstofuhaldi Egmont-samstarfsins haldið úti og það kostað með því að stórar peningaþvættisskrifstofur, s.s. í Bretlandi, Belgíu og víðar, önnuðust á sinn kostnað utanumhald um starfsemina. Fundir samtakanna voru einnig kostaðir af frjálsum fjárframlögum frá aðildarríkjum Egmont Group. Á aðalfundi (e. Plenary meeting) Egmont Group sem haldinn var á Bermúdaeyjum árið 2007 var lokið vinnu við að skipuleggja að nýju grundvöll samstarfsins en sú vinna hafði staðið frá árinu 2003. Á fundinum á Bermúdaeyjum var samþykktur nýr sáttmáli Egmont Group (e. EGMONT GROUP OF FINANCIAL INTELLIGENCE UNITS CHARTER) sem leggur línurnar um skilyrði fyrir þátttöku í samstarfinu og framtíðarskipulag. Var með sáttmálanum ákveðið að setja á fót fasta skrifstofu Egmont Group í Toronto í Kanada sem verður rekin á kostnað aðildarskrifstofanna. Auk þess var tekin ákvörðun um fjárheimildir samtakanna og kostnaðarskiptingu milli peningaþvættisskrifstofa aðildarríkjanna. Vegur þar þyngst kostnaður af því að halda úti skrifstofu samtakanna í Toronto. Hlutdeild Íslands í u.þ.b. 1 milljónar USD rekstrarkostnaði er 7.156 USD. Í framhaldi af fundinum var Egmont Group send staðfesting Íslensku peningaþvættisskrifstofunnar á sáttmálanum og áframhaldandi þátttöku eins og kveðið er á um í honum.

Peningaþvættisskrifstofa sendi 10 fyrirspurnir til útlanda í gegnum Egmont-vefinn frá 15. júní 2007 til ársloka. Skrifstofan tók á móti og svaraði 11 erlendum fyrirspurnum frá sama tíma.

IV. ÚTTEKT FINANCIAL ACTION TASK FORCE (FATF) Á ÍSLANDI 2006

Financial Action Task Force (FATF) gerði á árinu 2006 þriðju úttekt sína á íslensku fjármálakerfi, lagaumhverfi og lagaframkvæmd stofnana og fyrirtækja varðandi aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Matið var byggt á lögum, reglugerðum og öðrum gögnum og upplýsingum. Matsnefnd FATF fundaði m.a. með ríkislögreglustjóra og starfsmönnum efnahagsbrotadeildar og peningabættisskrifstofu. Íslendingar hafa skuldbundið sig til að laga löggjöf sína að tilmælum FATF með inngöngu sinni í FATF árið 1991.

Matsnefnd FATF bar aðgerðir Íslendinga saman við 40 tilmæli sín vegna peningabættis og níu sérstök tilmæli vegna fjármögnunar hryðjuverka.¹ Matsnefndin gaf ferns konar einkunnir fyrir hver tilmæli, Compliant (C), Largely Compliant (LC), Partly Compliant (PC) og Non Compliant (NC). Einkunn Íslands í matsskýrslunni var C fyrir 8 tilmæli, LC fyrir 14, PC fyrir 18 og NC fyrir 8 tilmæli. Ein tilmæli áttu ekki við (NA).

Í október 2008 verður matsskýrslunni fylgt eftir á fundi FATF en þá verða íslensk stjórnvöld að gera FATF grein fyrir aðgerðum sínum er lúta að þeim tilmælum þar sem Ísland fékk einkunnina PC og NC. Ísland þarf því að gera FATF grein fyrir aðgerðum sínum vegna 26 tilmæla.

Mikilvægt er að Ísland komi vel út í þeirri eftirfylgni en úttekt sem þessi getur haft veruleg áhrif á orðstír íslensks fjármálakerfis.

V. EFTIRFYLGNI PENINGAÞVÆTTISSKRIFSTOFU VIÐ MATSSKÝRSLU FATF UM ÍSLAND FRÁ OKTÓBER 2006

Á árinu 2007 vann peningabættisskrifstofa að þeim atriðum þar sem úrbóta var þörf samkvæmt ábendingum og tillögum til úrbóta í matsskýrslu FATF og Ísland þarf að standa skil á í eftirfylgni á fundi FATF í október 2008.

Í matsskýrslu FATF koma fram mikilvægar ábendingar um úrbætur sem áriðandi er að farið verði eftir, ekki síst ábendingar er lúta að hlutverki peningabættisskrifstofu, lögreglu og ákærvalds í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjallað var ítarlega um athugasemdir FATF sem lutu að peningabættisskrifstofu í ársskýrslu skrifstofunnar fyrir árið 2006. Sjá einnig matsskýrslu FATF um Ísland á heimasíðu FATF www.fatf-gafi.org. Frá júní 2007 hefur verði unnið samkvæmt aðgerðalista þar sem helstu athugasemdir og tillögur FATF varðandi peningabættisskrifstofu voru dregnar saman. Listinn er eftirfarandi og jafnframt kemur þar fram staða mála í árslok 2006:

- Gefa út ársskýrslu um þróun á sviðinu og tölfraðilegar upplýsingar, sbr. 13. gr. reglugerð nr. 626/2006.
 - **Lokið** – *Ársskýrsla 2006 var gefin út á síðasta ári.*
- Þróa staðlað form á tilkynningareyðublöðum fyrir alla tilkynningarskylda aðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 550/2006.
 - **Lokið** – *Staðlað form tilkynningareyðublaðs er fylgiskjal með ársskýrslu þessari.*

¹ Sjá nánar á heimasíðu FATF (www.fatf-gafi.org).

- Gefa út skriflegar leiðbeiningar til tilkynningarskylda aðila vegna tilkynninga um grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.
 - **Lokið** – *Leiðbeiningarnar eru fylgiskjal með ársskýrslu þessari.*
- Útbúa kynningarefni fyrir fyrirlestra fyrir tilkynningarskylda aðila um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
 - **Lokið** – *Dreift var: Kynningu í Power Point (Breytist aðeins fyrir hvern fund), ársskýrslu peningabættisskrifstofu 2006, leiðbeiningum um tilkynningar um grunsamleg viðskipti og eyðublöðum fyrir áreiðanleikakönnun (einstaklingur búsettur hérl. og ísl. lögaðili). Stundum hefur verið dreift efni úr FATF Reports on Money Laundering Typologies um þann hóp sem situr fræðslufundinn.*
- Halda fræðslufundi fyrir tilkynningarskylda aðila, t.d. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, tryggingafélög, lögmenn, endurskoðendur o.fl.
 - **Lokið** – *Haldnir voru 12 fræðslufundir fyrir eftirtalda aðila: 1-2) SPRON, 16. og 17. apríl, 3) tryggingafélögin, 10. október, 4) Straum fjárfestingarbanka, 18. október, 5) endurskoðendur, 18. október, 6) starfsmenn efnahagsbrotadeildar RLS, 26. október, 7) lögmenn, 30. október, 8) fasteignasala og váttryggingamiðlara, 1. nóvember, 9) lífeyrissjóði, 8. nóvember, 10) Lex lögmennsstofu, 16. nóvember, 11) endurskoðendur á haustráðstefnu FLE, 16. nóvember, 12) fjármála fyrirtæki/SFF, 11. desember.*
- Gera ráðstafanir til að tryggja öryggi gagnagrunns og varðveislu hans. Í því skyni þyrfti að koma upp afritunarbúnaði.
 - **Lokið** – *Settur var upp afritunarbúnaður fyrir tölvu sem heldur utan um tilkynningar um grun um peningabætti í PT-grunni.*
- Auka öflun tölfræðiupplýsinga er lúta að greiningu og afdrifum tilkynninga um grun um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Halda utan um fjölda fyrirspurna til og frá erlendum aðilum og svör við þeim og tímamann sem tekur svara fyrirspurninni, gagnkvæma aðstoð og framsöl. Einnig halda utan um upplýsingar um fjölda rannsakaðra og ákærðra mála og fjölda eignaupptaka o.s.frv.
 - Unnið er að gerð gagnagrunns þar sem upplýsingar eru skráðar í landskerfi lögreglunnar, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 626/2006 um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningabætti.
 - Stefnt er á að taka nýjan gagnagrunn í gagnið um mitt ár 2008.
 - Reglur um miðlun upplýsinga frá peningabættisskrifstofu til lögreglu eru tilbúnar.
 - Stefnt er að því að endurnýja PT-grunn Peningabættisskrifstofu í framhaldinu.
- Auka frumkvæðisgreiningu á tilkynningum um grunsamleg viðskipti um peningabætti og lögregluskýrslum til að finna og rannsaka grunsamlega aðila.
 - Vinnan hafin sumarið 2007 með fleiri rannsókuðum málum hjá RLS. Alls voru rannsakaðar 23 tilkynningar hjá efnahagsbrotadeild, tvö mál voru formlega tekin til rannsóknar. Athuga ber að nokkrar tilkynningar geta verið á bak við hvert mál.
- Auka þjálfun og menntunartækifæri starfsmanna peningabættisskrifstofu og saksóknara efnahagsbrota, sem er ábótavant. Koma á skipulagi til að tryggja reglulega þjálfun. Augljóst er að þá þekkingu þarf að sækja til útlanda.
 - Veturinn 2007-8.
- Auka alþjóðlega samvinnu við aðila í gegnum þátttöku í Egmont Group. Þangað er t.d. hægt að sækja aukna þekkingu á málaflokknum.
 - Veturinn 2007-8.

VI. FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ALMENNUM HEGNINGARLÖGUM NR. 19/1940

Í árskýrslu peningaþvættisskrifstofu fyrir árið 2006 var fjallað um mikilvægi þess að farið yrði að tilmælum í skýrslu FATF er lúta að eignaupptöku, frystingu fjár og haldlagningu ávinnings af brotum, sem og tilmælum sama efnis í úttektarskýrslum GRECO (samtökum ríkja innan Evrópuráðsins gegn spillingu). Í þessum tilmælum er farið fram á að lagaákvæði um eignaupptöku verði víkkuð og sönnunarbyrðinni snúið við til að auka möguleika á notkun slíkra ákvæða. Lagaákvæði sem gerir eignaupptöku hjá brotamanni dæmdum fyrir alvarleg brot skylda, nema hann geti sannað að eignarinnar hafi verið aflað með löglegum hætti (öfug sönnunarbyrði), myndi fela í sér grundvallarbreytingu í baráttunni gegn alvarlegri brotastarfsemi sem oft á tíðum getur verið mjög ábatasöm. Þetta yrði sérstaklega áhrifamikið við eignaupptöku í fíkniefnamálum og öðrum alvarlegum málum þar sem eignir eru í vörslu þriðja aðila.

Í nóvember 2007 lagði dómsmálaráðherra fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga er varða upptöku eigna, hryðjuverk, mansal og peningaþvætti. Með frumvarpinu er leitast við að endurskoða ákvæði almennra hegningarlaga um framangreind efnisatriði með það í huga að hægt sé í fyrsta lagi að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samningur) frá 15. nóvember 2000 og bókun við hann frá sama tíma gegn mansali, og í öðru lagi að hægt sé að fullgilda Evrópuráðssamning um varnir gegn hryðjuverkum og Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali, sem báðir eru frá 3. maí 2005. Við endurskoðun á ákvæðum almennra hegningarlaga um upptöku eigna var tekið tillit til athugasemda í annarri matskýrslu GRECO (e. Group of States Against Corruption) frá 2. júlí 2004. Með frumvarpinu er einnig farið eftir þeim athugasemdum varðandi gildandi löggjöf um peningaþvætti sem fram koma í skýrslu FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti á Íslandi frá 13. október 2006.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði í almenn hegningarlög nýr kafli um upptöku eigna. Um er að ræða breytingar sem taka að verulegu leyti mið af ákvæðum í dönsku og norsku hegningarlögum. Lagt er til að lögfest verði ákvæði um að unnt verði að gera upptæk verðmæti án þess að sýnt sé fram á að þau megi rekja til tiltekins refsiverðs brots hafi handhafi verðmætanna gerst sekur um brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og geti brotið varðað að minnsta kosti 6 ára fangelsi. Að þessum skilyrðum uppfylltum má gera upptæk verðmæti sem tilheyra viðkomandi, nema hann sýni fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Við þessar aðstæður og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum má jafnframt gera upptæk verðmæti sem tilheyra maka eða sambúðarmaka viðkomandi og verðmæti sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi hefur einn eða með sínum nánustu ráðandi stöðu í, sé ekki sýnt fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Er því gert ráð fyrir fráviki frá meginreglunni um sönnunarbyrði ákærvaldsins við þessar aðstæður.

Lagðar eru til verulegar breytingar á 264. gr. almennra hegningarlaga um peningaþvætti með 8. gr. frumvarpsins. Ítarleg umfjöllun er um breytinguna í frumvarpinu í athugasemdum við greinina og er fróðlegt að kynna sér þá umfjöllun (þingskjal 197 – 184. mál). Að meginstefnu var horft til 6. gr. Palermó-samningsins og athugasemda FATF frá 13. október 2006 við gerð frumvarpsins. Er m.a. lagt til að almenn verknaðarlýsing peningaþvættis verði gerð skýrari og gildissvið hennar rýmkað. Lagt er

til að peningabættisbrot nái til refsiverðra brota á öðrum lögum en ekki einungis hegningarlaga brota. Refsihámark fyrir peningabættisbrot er hækkað úr fjórum árum í sex. Ekki er hins vegar hróflað við reglu 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga þar sem kveðið er á um að refsing geti orðið allt að 12 árum ef um ræðir ávinning af fíkniefnabroti. Í 2. mgr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um það að sá sem framið hefur frumbrot, og fremur jafnframt brot skv. 1. mgr. (peningabætti), skuli sæta sömu refsingu og þar greinir (sjálfsþvætti, e. self-laundering). Er það í samræmi við athugasemdir FATF.

Verði frumvarpið að lögum mun 264. gr. almennra hegningarlaga um peningabætti orðast svo:

„Hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögum þessum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings skal sæta fangelsi allt að 6 árum. Sá sem framið hefur frumbrot og fremur jafnframt brot skv. 1. mgr. skal sæta sömu refsingu og þar greinir. Ákvæði 77. gr. laga þessara gildir þá eftir því sem við á.

Refsing getur orðið fangelsi allt að 12 árum ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a. Sé brot skv. 1. mgr. framið af gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.“

Auk ofangreinds er í frumvarpinu einnig lagt til að verknaðarlýsing hryðjuverka í 1. mgr. 100. gr. almennra hegningarlaga sé gerð skýrari og jafnframt sé gert ljóst að hvers konar fjármögnun hryðjuverka eða annað liðsinni við slíka brotastarfsemi telst refsiverð. Lagt er til að lögfest verði sérstakt ákvæði sem bannar opinbera hvatningu til hryðjuverka. Þá er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði um skipulagða brotastarfsemi. Enn fremur er lagt til að gerðar verði ýmsar breytingar á 227. gr. almennra hegningarlaga um mansal, m.a. í samræmi við ofangreinda alþjóðasamninga. Vonir eru bundnar við að frumvarpið verði að lögum haustið 2008.

VII. SKRÁNING UPPLÝSINGA FRÁ PENINGABVÆTTISSKRIFSTOFU Í LANDSKERFI LÖGREGLUNNAR

Unnið var að gerð gagnagrunns til að skrá upplýsingar frá peningabættisskrifstofu í landskerfi lögreglunnar seinni hluta árs 2007. Vonir standa til að hægt verði að hefja skráningu upplýsinga í landskerfi lögreglunnar á árinu 2008. Með skráningunni mun peningabættisskrifstofa geta miðlað upplýsingum úr tilkynningum um grun um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka með enn markvissari hætti en hingað til til staðarlögreglu og greiningardeildar ríkislögreglustjóra. Einnig á að vera hægt að fá mikilvægar tölfræðiupplýsingar um notkun upplýsinganna í málum sem eru í lögreglurannsókn.

Með skráningunni mun peningabættisskrifstofa geta fengið upplýsingar um gagnsemi upplýsinganna sem miðlað er til staðarlögreglu og hvernig þær eru notaðar við rannsókn mála. Það ætti að gefa peningabættisskrifstofu frekari möguleika til að veita tilkynningarskyldum aðilum endurgjöf um notkun og afdrif upplýsinga úr tilkynningum.

Skráning upplýsinganna í landskerfi lögreglunnar byggist á 11. gr. reglugerðar nr. 626/2006, um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningabætti, en þar segir eftirfarandi: „Nú eru upplýsingar sem peningabættisskrifstofa móttækur í tengslum við tilkynningu um grunsamlega viðskiptahætti

mikilvægar lögreglurannsóknarupplýsingar og skal þá skrásetja slíkar upplýsingar í landskerfi lögreglunnar. Skráning upplýsinga skal vera með þeim hætti að hún beri ekki með sér hver tilkynnandi er og á hvers vegum viðkomandi starfar.“

Við skráninguna í landskerfið mun peningaþvættisskrifstofa úthluta rannsóknarupplýsingum til þeirra lögregluembættis og deilda innan lögreglunnar þar sem talið er að upplýsingarnar geti haft þýðingu við rannsókn mála. Kerfið mun veita mun betri yfirsýn yfir notkun upplýsinganna en áður var kostur á. Það verður einnig þannig uppbyggt að móttökuaðili upplýsinganna verður að gefa upp ákveðnar tölfræðiupplýsingar um notkun upplýsinganna við lok hvers máls.

Reglur um skráningu peningaþvættisskrifstofu á upplýsingum í landskerfi lögreglu og aðgang lögregluembættis að þeim eru tilbúnaðar þegar árskýrsla þessi er skrifuð.

VIII. ÁBYRGÐARMENN AÐGERÐA GEGN PENINGAÞVÆTTI

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að tilnefna einn úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann sem að jafnaði annast tilkynningar í samræmi við ákvæði 17. og 18. gr. og sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Lögreglu skal tilkynnt um tilnefningu ábyrgðarmanns, sbr. 22. gr. þeirra. Lagaleg skylda er því hjá tilkynningarskyldum aðilum að tilnefna ábyrgðarmann aðgerða gegn peningaþvætti og tilkynna um hann til lögreglu. Mikilvægt er að tilkynningarskyldir aðilar fylgi þessari lagaskyldu og tilkynni um ábyrgðarmann en skort hefur verulega á að það sé gert hjá öðrum en fjármálafyrirtækjum. Tilkynningar um ábyrgðarmenn aðgerða gegn peningaþvætti skal senda til peningaþvættisskrifstofu ríkislögreglustjóra. Í árslok 2007 höfðu skrifstofunni borist alls 39 tilkynningar um ábyrgðarmenn.

Tilnefningar um ábyrgðarmann aðgerða gegn peningaþvætti sem tilkynntar hafa verið til peningaþvættisskrifstofu flokkast á eftirfarandi hátt eftir tilkynningarskyldum aðilum, sbr. 2. gr.:

Tilkynningarskyldir aðilar:	Fjöldi tilkynninga um ábyrgðarmenn:
a. <u>Fjármálafyrirtæki</u> samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.	15
b. <u>Líftryggingafélag</u> og <u>lífeyrissjóðir</u> .	17
c. <u>Vátryggingamiðlarar</u> og vátryggingaumboðsmenn samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga þegar þeir miðla líftryggingum eða öðrum söfnunartengdum tryggingum skv. 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.	1
d. Útibú erlendra fyrirtækja sem staðsett eru á Íslandi og falla undir a–c-lið.	
e. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta.	
f. <u>Lögmannsstofur</u> og aðrir lögfræðingar í ákveðnum tilvikum.	4
g. <u>Endurskoðunarskrifstofur</u> .	2

h.	Aðrir einstaklingar og lögaðilar þegar þeir í starfi sínu inna af hendi sömu þjónustu og talin er upp í f-lið, t.d. skattaráðgjafar eða aðrir utanaðkomandi ráðgjafar.	
i.	Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar.	
j.	Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.	
k.	Þjónustuaðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sbr. skilgreiningu í 3. gr.	
l.	Einstaklingar eða lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga þegar greiddir eru út vinningar.	

IX. TILKYNNINGAR TIL PENINGAÞVÆTTISSKRIFSTOFU UM GRUNSAMLEG VIÐSKIPTI ÁRIÐ 2007 OG RANNSÓKNIR MÁLA

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 64/2006 er tilkynningarskyldum aðilum skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Tilkynningar geta einnig borist peningaþvættisskrifstofu frá Fjármálaeftirlitinu, öðrum stjórnvöldum eða fagaðilum sem hafa eftirlit með starfsemi tilkynningarskyldra aðila í störfum sínum, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 64/2006.

Á árinu 2007 bárust peningaþvættisskrifstofu alls 496 tilkynningar frá tilkynningarskyldum aðilum samkvæmt lögum nr. 64/2006 þar sem grunur var um peningaþvætti. Nær allar tilkynningarnar bárust frá fjármálafyrirtækjum eða 491. Frá íslenskum stjórnvöldum bárust 2 tilkynningar og 3 frá erlendum aðilum eða öðrum aðilum. Engin tilkynning barst vegna gruns um fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningarnar flokkast eftir aðilum og fjárhæðum á eftirfarandi hátt:

	Fjármálafyrirtæki	Stjórnvöld	Erlendir aðilar og aðrir
Fjöldi tilkynninga samtals: 496	491	2	3
Fjárhæð:			
0–100.000 kr.	30		
101.000–500.000 kr.	241		
0,5–1 milljón kr.	98		
1-2 milljónir kr.	57	1	1
2-5 milljónir kr.	31		
5-10 milljónir kr.	5		
> 10 milljónir kr.	2		
Ótilgreint	25	1	2

Af þessum 496 tilkynningum voru 23 tilkynningar rannsakaðar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Upplýsingar úr öðrum tilkynningum voru yfirleitt sendar Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eða annarri staðarlögreglu, þar sem þær voru notaðar við rannsóknir mála. Tvö

mál voru tekin til formlegrar rannsóknar, en í öðru þeirra lágu fyrir átta tilkynningar. Á árinu 2007 leiddi engin tilkynning um grun um peningabætti til saksóknar af hálfu efnahagsbrotadeildar.

Samkvæmt málaskrá lögreglunnar voru fjögur peningabættismál til rannsóknar hjá lögregluembættum, þar af eitt hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Á bak við annað málið voru átta tilkynningar og er rannsókn þess ekki lokið. Samkvæmt málaskrá ákærvaldsins voru tvö peningabættismál í ákærumeðferð á árinu 2007. Enginn hæstaréttardómur féll á árinu 2007 þar sem fjallað var um peningabættisbrot og einungis einn héraðsdómur (sjá reifun í kafla XIII).

X. ÞRÓUN Í FJÖLDA TILKYNNINGA UM GRUN UM PENINGABÆTTI FRÁ ÁRINU 1993

Fyrstu lög um aðgerðir gegn peningabætti, nr. 80/1993, tóku gildi 1. júlí 1993. Fyrsta tilkynningin um grun um peningabætti barst ríkislögreglustjóra árið 1994 en það ár barst einungis þessi eina tilkynning. Tilkynningum hefur stöðugt fjölgað á hverju ári síðan þá og hefur heildarfjárhæð þeirra viðskipta sem liggja á bak við tilkynningar sífellt verið að hækka. Árið 1995 bárust t.d. 9 tilkynningar vegna viðskipta sem ná um samtals kr. 49.780.000. Árið 2007 bárust peningabættisskrifstofu alls 496 tilkynningar vegna grunsamlegra viðskipta að fjárhæð samtals kr. 961.526.361. Engin tilkynning hefur borist um grun um fjármögnun hryðjuverka á Íslandi. Á tímabilinu frá 1994 til ársins 2007 hefur fjöldi tilkynninga því rúmlega 55-faldast og heildarfjárhæð þeirra viðskipta sem tilkynnt er um hefur nánast 20-faldast.

Þróun fjölda tilkynninga um grun um peningabætti og fjárhæðir þeirra má sjá í eftirfarandi töflu:

Ár	Fjöldi tilkynninga	Heildarfjárhæð tilkynninga
1994	1	
1995	9	49.780.000 kr.
1996	2	11.691.000 -
1997	11	93.340.693 -
1998	25	11.097.672 -
1999	55	49.558.051 -
2000	113	130.875.898 -
2001	125	847.690.651 -
2002	189	250.036.428 -
2003	241	303.417.508 -
2004	301	393.829.668 -
2005	283	596.216.345 -
2006	323	455.638.011 -
2007	496	961.526.361 -

XI. FRÆÐSLUFUNDIR Á VEGUM PENINGAÞVÆTTISSKRIFSTOFU

Peningaþvættisskrifstofa stóð árið 2007 fyrir tólf fræðslu- og kynningarfundum fyrir tilkynningarskylda aðila um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Fræðslufundir þessir voru velheppnaðir og kom fram mikill áhugi á málaflokknum á fundunum.

Fundirnir voru haldnir hjá eftirfarandi tilkynningarskyldum aðilum:

Nafn tilkynningarskylds aðila:	Dagsetning fræðslufundar:	Fjöldi þátttakenda:
1 SPRON	16. apríl 2007	
2 SPRON	17. apríl 2007	
3 Tryggingafélag/SFF	10. október 2007	7
4 Straumur fjárfestingarbanki hf.	18. október 2007	34
5 Löggiltir endurskoðendur/FLE	18. október 2007	38
6 Gallerí Fold	24. október 2007	
7 Starfsfólk RLS	26. október 2007	12
8 Lögmenn/LMFÍ	30. október 2007	8
9 Fasteignasalar/FF – Vátrygg.miðlarar	1. nóvember 2007	11 - 3
10 Lex lögmennsstofa	16. nóvember 2007	
11 Löggiltir endurskoðendur/FLE	16. nóvember 2007	Haustráðstefna FLE
12 Fjármálafyrirtæki/SFF	11. desember 2007	26

Segja má að markmiðið úr síðustu ársskýrslu fyrir árið 2007 um að halda fleiri fræðslufundi fyrir tilkynningarskylda aðila og kynna löggjöf um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og þróun á sviðinu hafi náðst. Eins og kemur fram hér að ofan voru haldnir 12 fundir á árinu 2007 en árið 2006 voru haldnir tveir fræðslufundir um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í framtíðinni þyrfti að halda fræðslufundi fyrir þá tilkynningarskyldu aðila sem ekki hafa þegar fengið slíka fræðslufundi. Má hér nefna mikilvægi þess að ná til aðila sem eru tilkynningarskyldir skv. j-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/2006 en þar eru „einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.“ Hér má nefna t.d. bílasala, skartgripasala og listaverkasala. Einnig þyrfti að reyna að ná betur til tilkynningarskyldra aðila eins og fasteignasala, vátryggingaumboðsmanna og líftryggingafélaga, en þrátt fyrir fund með fulltrúum vátryggingafélaga er ekki víst að tekist hafi að ná til tveggja síðasttöldu aðilanna. Endurnýja og uppfæra þyrfti fræðsluefni vegna fræðslu um málaflokkinn í framtíðinni. Sérstaklega þyrfti að afla og auka fræðsluefni um nýjustu aðferðir og þróun á sviði peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka.

XII. ÞRÓUN OG AÐFERÐIR VIÐ PENINGAÞVÆTTI – DÆMI

Mikilvægt er fyrir tilkynningarskylda aðila að fylgjast vel með nýjustu aðferðum sem notaðar eru við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Sífelld er verið að finna upp og þróa nýjar aðferðir við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og er þróunin ör á þessu sviði ólögmastrar starfsemi. Bæði FATF og Egmont Group gefa út dæmi (typology) um aðferðir sem notaðar hafa verið við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

FATF gefur reglulega út skýrslur þar sem farið er yfir þróun málaflokksins á ýmsum sviðum fjármála- og viðskiptalífs og eru þar m.a. reifuð dæmi um aðferðir sem hafa verið notaðar við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (Report on Money Laundering and Terrorist Financing Typologies). Hægt er að nálgast þessar skýrslur á heimasíðu FATF (www.fatf-gafi.org). Í þessum skýrslum FATF hafa verið tekin fyrir ákveðin svið viðskiptalífsins. Tilkynningarskyldir aðilar eru hvattir til að kynna sér vel efni þessara skýrslna, sem eru eftirfarandi:

- Í skýrslu frá árinu 2007 er fjallað um peningaþvætti á ávinningi af virðisaukaskattssvikum.
- Í sérstökum skýrslum frá árinu 2006 eru tekin fyrir ákveðin efni. Þar er fjallað um peningaþvætti í vöruflutningum, með nýjum greiðslumiðlum og misnotkun fyrirtækja og þjónustuaðila á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu.
- Í skýrslu fyrir árin 2004–2005 er m.a. fjallað um váttryggingastarfsemi og mansal.
- Í skýrslu fyrir árin 2003–2004 er m.a. fjallað um fjármögnun hryðjuverka í tengslum við góðgerðarstarfsemi og peningasendingar, og um váttryggingastarfsemi og peningaþvætti.
- Í skýrslu fyrir árin 2002–2003 er m.a. fjallað um fjármögnun hryðjuverka, peningaþvætti á verðbréfamarkaði og gull- og demantamörkuðum, sem og þróun á sviði váttrygginga og greiðslukorta.
- Í skýrslu fyrir árin 2001–2002 er m.a. fjallað um fjármögnun hryðjuverka, millibankaviðskipti, einkabankaviðskipti og verðbréf.
- Í skýrslu fyrir árin 2000–2001 er m.a. fjallað um netbankaþjónustu og fjárhættuspil á Netinu.

Egmont Group hefur einnig komið á framfæri dæmum um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hér á eftir eru nokkur dæmi um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fengin eru hjá Egmont Group og FATF.

Dæmi 1: Vöruflutningur milli landa. *Glæpasamtök fluttu út tiltölulega lítið magn af brotajárni, en fölsuðu upplýsingar í farmaskírteini og öðrum innflutningsskjölum um að farmurinn væri nokkur hundruð tonn. Tollvörður tók eftir því að þegar verið var að ferma skipið að bolur þess var enn vel yfir sjólinu, en það var í ósamræmi við uppgæfna upplýsingar um þyngd farmsins. Farmurinn var rannsakaður og kom þá ósamræmið í ljós. Talið var að með hinum fölsuðu upplýsingum um þyngd og verðmæti farmsins í innflutningsskjölum hefði átt að flytja fjármuni úr glæpastarfsemi til útflutningslandsins.*

Dæmi 2: Fíkniefnagróði – fjárfestingar í fasteignum – lögmaður – listaverkasali. *Peningaþvættis-skrifstofa fékk upplýsingar um að dæmdur fíkniefnasali hefði fjárfest í fasteignum og hygðist festa kaup á hóteli. Við mat á fjárhagsstöðu hans kom í ljós að hann hafði ekki neina löglega innkomu tekna og var hann handtekinn og ákærður fyrir peningaþvættisbrot. Frekari rannsókn leiddi í ljós að hluti fjárens var ágóði af fíkniefnasölu.*

Í málinu hafði lögmaður glæpamannsins tekið á móti um 70.000 USD í reiðufé frá þessum skjólstæðingi sínum, lagt féð inn á bankareikning hans og seinna greitt út af reikningnum og fjárfest samkvæmt fyrirmælum skjólstæðingsins. Hluti fíkniefnagróðans var þvættaður af stjórnanda listasafns í öðru landi sem tók á móti 15.000 USD með því að falsa skjöl um sölu listaverka sem aldrei fóru fram. Fíkniefnasalinn var dæmdur í sjö og hálfis árs fangelsi fyrir fíkniefnasölu og eignaupptöku að fjárhæð 450.000 USD. Lögmaðurinn var ákærður fyrir peningaþvætti vegna þessara viðskiptafærslna og dæmdur í 10 mánaða fangelsi. Stjórnandi listasafnsins var

ekki ákærður vegna ónógra sannana um vitneskju hans um að féð væri fíkniefnagróði en hann samþykkti upptöku ágóða síns.

Dæmi 3: Lögmenn og endurskoðendur aðstoða við peningaþvætti. Vart varð við grunsamlegar peningasendingar upp á meira en 2 milljónir USD sem voru sendar í mörgum sendingum af mismunandi einstaklingum. Þeir höfðu óskað eftir rafrænum peningasendingum og bankaávisunum fyrir fíkniefnahringsing sem hafði flutt inn 24 kílógrömm af heróíni í farmi til landsins Z. Bankaávisanir sem voru keyptar hjá mismunandi fjármálastofnunum í landi Y (upprunalandi fíkniefnanna) voru síðan notaðar til að kaupa fasteignir í landi Z.

Endurskoðandi var notaður af fíkniefnahringsingnum til að opna bankareikninga og skrá fyrirtæki og veitti hann einnig fjármálaráðgjöf vegna fjárfestinganna.

Lögmennsstofa var einnig notuð af fíkniefnahringsingnum til að kaupa fasteignir með bankaávisunum sem höfðu verið keyptar erlendis eftir að þær höfðu áður farið í gegnum fjárvörslureikninga lögmanna. Fyrirtæki og sjóðir voru einnig stofnuð af lögmönnum.

Dæmi 4: Fíkniefnasmygl. Peningaþvættisskrifstofa í landi A fékk beiðni um upplýsingar frá löggæslu- yfirvöldum annars lands í kjölfar handtöku heimamannsins, W, á flugvelli í landi B, með 4 kílógrömm af kókaini í flugi frá Suður-Ameríkri. W var burðardýr fyrir K, sem bjó í landi A og var þekktur fyrir tengsl við fíkniefnaviðskipti. Við rannsókn komu í ljós nokkrir bankareikningar í eigu K og W sem sýndu háar peningafærslur. Bankareikningarnir voru frystir og málið sent saksóknara.

Dæmi 5: Óvenjulegar og miklar færslur á bankareikningi. Vart varð við óvenjulegar færslur á bankareikningi. Tíðar færslur með háum fjárhæðum voru framkvæmdar af einstaklingi með heimild yfir reikningnum en ekki reikningseigandanum. Voru þær ekki í samræmi við fjárhagslegar upplýsingar um reikningseigandann, sem talið var að væri húsmóðir. Rannsókn leiddi í ljós nokkra aðra bankareikninga sem voru notaðir á svipaðan hátt af sama heimildarmanni. Við rannsókn kom í ljós að heimildarmaður reikninganna rak óskráð peningafærslufyrirtæki (unregistered remittance agency) í gegnum bankareikningana. Heimildarmaður reikninganna var ákærður fyrir að reka óskráð peningafærslufyrirtæki.

Dæmi 6: Gjaldeyrisskiptastöðvar. X, íbúi í landi B, fór endurtekið til nokkurra gjaldeyrisskiptastöðva í landi A til að skipta sterlingspundum og sænskum, dönskum og norskum krónum í evrur. Innan nokkurra mánaða höfðu þessi gjaldeyrisskipti, sem enginn viðskiptaleg skýring var á, numið samtals 2 milljónum evra. X hafði engin þekkt tengsl við land A og var þar ekki við vinnu svo að vitað væri. Við rannsókn komu í ljós tengsl viðskiptafærslu X við færslur annarra einstaklinga, sem voru íbúar í landi B, og voru ekki í vinnu svo að vitað væri og voru enn namar. Rannsókn peningaþvættisskrifstofu í landi B leiddi í ljós að umræddir einstaklingar voru þekktir fyrir fíkniefnaviðskipti.

Dæmi 7: Góðgerðarsamtök – fjármögnun hryðjuverka. Evrópubúi gaf bankanum sínum fyrirmæli um að skuldfæra á viðskiptareikning sinn greiðslur til góðgerðarsamtaka í öðru Evrópulandi. Greiðslunum fylgdu fyrirmæli um að þær væru styrkur til ákveðins einstaklings. Upplýsingar sem peningaþvættisskrifstofa aflaði sýndi að umrædd góðgerðarsamtök voru þekkt fyrir náin tengsl við ákveðna hópa sem fjármögnuðu hryðjuverk. Enn fremur kom í ljós að nafn einstaklingsins sem átti að styrkja væri á lista Sameinuðu þjóðanna yfir einstaklinga og samtök grunuð um tengsl við hryðjuverkahópa.

XIII. DÓMAR SEM FJALLA UM PENINGAÞVÆTTI

Eins og áður sagði féll enginn hæstaréttardómur á árinu 2007 þar sem fjallað er um peningaþvætti. Í einum héraðsdómi var ákært fyrir peningaþvætti skv. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það var í eftirfarandi dómi Héraðsdóms Suðurlands.

Hd.SI. S-150/2006, 14.05.2007 Í málinu var fangavörður í fangelsinu á Litla-Hrauni sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot í opinberu starfi, með því að hafa misnotað stöðu sína til að smygla inn í fangelsið 33,66 gr. af amfetamíni og 241,15 gr. af kannabis. Hann játaði brot sín greiðlega. Fíkniefnin hugðist hann skilja eftir í fangaklefa meðákærða, en áður en til þess kom framvísaði ákærði efnunum við yfirmann sinn. Einnig var

sakfellt fyrir **peningabætti** í opinberu starfi, með því að hafa í fangelsinu, móttakið frá meðákærða umslag sem ákærða var ljóst að innihélt söluandvirði fíkniefna að fjárhæð 100.000 krónur í reiðufé, smyglað peningum út úr fangelsinu og afhent þau tilteknum manni. Ákærði var samvinnuþýður og aðstoðaði við að upplýsa málið. Ákærði upplýsti fyrir dóminum að hann hefði verið undir miklum þrýstingi frá fönngum á Litla-Hrauni og óttaðist um sinn hag og fær sá framburður hans stoð í gögnum málsins. Þá virðist sem hagnaðarvon hafi ekki verið hvatinn að gerðum ákærða þrátt fyrir að hann hafi þegið greiðslur fyrir, en í gögnum málsins kemur fram að honum hafi þótt ákveðinn léttir í því þegar hann hætti að fá greiðslur fyrir milligöngu sína. Ákærði var ungur að árum og í háskólanámi. Brot ákærða var talið sérstaklega ámælisvert þar sem hann gegndi trúnaðarstöðu sem fangavörður. Ákærði var dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi í þrjú ár.

XIV. VERKEFNIN FRAM UNÐAN

Verkefni peningabættisskrifstofu á næstunni eru að ljúka vinnu við eftirfylgni vegna athugasemda og tilmæla FATF sem koma fram í matsskýrslu FATF um skrifstofuna og fjallað er um í kafla V hér að framan. Vonir standa til að skráning upplýsinga frá peningabættisskrifstofu í landskerfi lögreglunnar hefjist á árinu 2008 en vinna við gagnagrunn vegna hennar fór fram seinni hluta árs 2007. Með skráningunni getur peningabættisskrifstofa miðlað upplýsingum til staðarlögreglu og deilda lögreglunnar með enn markvissari hætti en áður. Með gagnagrunninum munu fást upplýsingar um gagnsemi upplýsinganna sem miðlað er við rannsóknir mála og hvernig þær eru notaðar. Það ætti að gefa peningabættisskrifstofu frekari möguleika á að veita tilkynningarskyldum aðilum endurgjöf um notkun og afdrif upplýsinga úr tilkynningum. Mikilvægt er að halda áfram fræðslu til tilkynningarskyldra aðila, sérstaklega annarra en fjármálafyrirtækja, og ná til aðila sem ekki hafa fengið fræðslu um aðgerðir gegn peningabætti. Hér mætti t.d. nefna bílasala, skartgripasala, váttryggingaumboðsmenn o.fl. Skortur á tilkynningum frá öðrum en fjármálafyrirtækjum gefur til kynna að þörf sé á því. Einnig þarf að endurnýja fræðsluefni. Þá þarf að auka þjálfun og menntunarmöguleika starfsmanna ríkislögreglustjóra sem koma að peningabættismálum Aukin þjálfun og menntun myndi skila sér í rannsóknnum mála og bættri fræðslu.

XV. FYLGISKJÖL

- A. Leiðbeiningar um tilkynningar vegna gruns um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka**
- B. Eyðublað fyrir tilkynningu um grun um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka**
- C. Eyðublöð fyrir áreiðanleikakönnun viðskiptamanns**
 - 1) .. Einstaklingur búsettur héraðs**
 - 2) Íslenskur lögaðili**
- D. Lagaákvæði sem koma til skoðunar við áreiðanleikakönnun**

Leiðbeiningar

um tilkynningar vegna gruns um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

1.0 Almennt

Leiðbeiningum þessum er ætlað að veita upplýsingar um framkvæmd tilkynninga til lögreglu vegna gruns um viðskipti um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, hvert og hvernig senda skuli tilkynningar og hvaða upplýsingar skuli vera í þeim.

Leiðbeiningar þessar byggja á lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, reglugerð nr. 550/2006, um tilkynningarskyldu og könnun á áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Mikilvægt er að tilkynningarskyldir aðilar kynni sér efni laganna og reglugerðarinnar, sem og reglugerðar nr. 626/2006, um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningabætti.

Leiðbeiningum þessum er ekki ætlað að koma í stað ofangreindra laga og reglugerða. Tilkynningarskyldir aðilar eru hvattir til að kynna sér efni þeirra.

Leiðbeiningar þessar eru settar með vísan til 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 550/2006

Sé frekari upplýsinga þörf er hægt að hafa samband við peningabættisskrifstofu sem veitir allar nánari upplýsingar. Starfsmaður peningabættisskrifstofu er Högni Einarsson, lögreglufulltrúi. Vinnusími hans er 444-2578/899-7853 og netfang he@rls.is.

2.0 Hverjir eru tilkynningarskyldir aðilar?

Tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru eftirtaldir aðilar:

- m. Fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
- n. Líftryggingafélög og lífeyrissjóðir.
- o. Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga þegar þeir miðla líftryggingum eða öðrum söfnunartengdum tryggingum skv. [23. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994](#).
- p. Útibú erlendra fyrirtækja sem staðsett eru á Íslandi og falla undir a–c-lið.
- q. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta.
- r. Lögmenn og aðrir lögfræðingar í eftirfarandi tilvikum:
 - iii. þegar þeir sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum;
 - iv. þegar þeir aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja, sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns, opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum, útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum eða stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþeknum aðilum.
- s. Endurskoðendur.
- t. Aðrir einstaklingar og lögaðilar þegar þeir í starfi sínu inna af hendi sömu þjónustu og talin er upp í f-lið, t.d. skattaráðgjafar eða aðrir utanaðkomandi ráðgjafar.
- u. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar.

- v. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
- w. Þjónustuaðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sbr. skilgreiningu í 3. gr.
- x. Einstaklingar eða lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérлага þegar greiddir eru út vinningar.

3.0 Hvenær á að senda tilkynningu?

Tilkynningu skal senda til lögreglu þegar skynsamlegur og rökstuddur grunur er um að viðskipti tengist peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Senda skal tilkynningu til lögreglu svo fljótt sem kostur er eftir að tilkynningarskyldur aðili staðfestir grun sinn.

Engin lágmarksfjárhæð er vegna tilkynninga.

4.0 Hvert á að senda tilkynningu?

Tilkynningu um grun um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skal senda til peningabættisskrifstofu hjá ríkislögreglustjóra.

Hægt er að senda tilkynningu í ábyrgðarpósti á eftirfarandi póstfang:

Ríkislögreglustjórinn
Peningabættisskrifstofa
Skúlagötu 21
101 Reykjavík.

Einnig er hægt að faxa tilkynningu til peningabættisskrifstofu í eftirfarandi faxnúmer: 444-2598

5.0 Hvað skal senda með tilkynningu?

Þegar lögreglu er send tilkynning um grun um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skal fylla út og senda eyðublað tilkynningar, sem er fylgiskjal við leiðbeiningar þessarar, eða eyðublað með svipuðum upplýsingum og hentar þeirri tegund viðskipta sem tilkynnt er um. Mikilvægt er að eyðublaðið sé fyllt út á sem ítarlegasta hátt og fyllt sé út í alla dálka eyðublaðsins.

Öll frekari gögn og upplýsingar skulu vera meðfylgjandi tilkynningunni sé þeirra þörf til að varpa ljósi á gruninn og veita lögreglu sem ítarlegastar upplýsingar um málið.

Gögn sem ættu að fylgja tilkynningu eru:

- Ljósrit af persónuskilríkjum viðskiptamanns
- Ljósrit úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sé viðskiptamaður lögaðili.
- Áreiðanleikakönnun viðskiptamanns.
- Öll gögn sem veitt geta upplýsingar um viðskiptin.

Ávallt er hægt að hafa samband við starfsmann peningabættisskrifstofu vegna spurninga sem kunna að vakna í tengslum við tilkynningar.

6.0 Móttaka tilkynningar hjá lögreglu

Lögreglu ber að staðfesta skriflega móttöku tilkynningar. Lögreglu er heimilt, ef brýn nauðsyn krefur, að óska eftir því að viðskipti sem tilkynnt hefur verið um fari ekki fram fyrir en að loknum þeim fresti sem tilgreindur er í tilkynningunni. Lögregla skal tafarlaust gera tilkynnanda viðvart telji hún ekki þörf á að hindra viðskiptin, sbr. 19. gr. laga nr. 64/2006.

7.0 Upplýsingaskylda til lögreglu

Samkvæmt beiðni lögreglu, sem rannsakar peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, skulu tilkynningarskyldir aðilar láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna tilkynningarinnar. Sjá 2. mgr. 17. gr. laga nr. 64/2006.

Slíka beiðni skal bera fram skriflega. Ekki er þörf á dómsúrskurði vegna veitingar upplýsinga. Sjá 4. gr. reglugerðar nr. 550/2006, um tilkynningarskyldu og könnun á áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

8.0 Tilkynning um grun um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Sjá eyðublað tilkynningar í fylgiskjali.

Ríkislögreglustjórnin
Peningaþvættisskrifstofa
Skúlagötu 21, 101 Reykjavík
FAX: 444-2598 – Sími: 444-2500

Vinsamlegast fyllið úti í alla dálka.

Tilkynning

um grun um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka

skv. 17. eða 18. gr. laga nr. 64/2006.

1.1 Nafn tilkynningarskylds aðila:		1.2 Dags. tilkynningar:
1.3 Nafn sendanda:	1.4 Staða:	
1.5 Nafn ábyrgðarmanns peningaþvættis skv. lögum nr. 64/2006 ef annað en sendanda:		
1.6 Heimilisfang tilkynnanda:	1.7 Sími og netfang:	

Upplýsingar um tilkynnanda

2.1 Tegund viðskipta:	2.2 Viðskiptafærslu lokið: Já Nei	2.3 Dags. viðskipta:
2.4 Nafn viðskiptamanns:	2.5 Kennitala:	
2.6 Nafn stjórnanda og kt. ef viðskiptamaður er lögaðili:		2.7 Tegund skilríkis og númer:
2.8 Fjárhæð viðskipta:	2.9 Tegund fjár (reiðufé o.s.frv.):	2.10 Gjaldmiðill:
2.11 a) Nýr viðskiptamaður: Já Nei b) Upphaf viðvarandi viðskiptasambands:		2.12 Þekkir starfsfólk til viðskiptamanns:
2.13 Ástæða gruns:		

Upplýsingar um viðskipti

3.1 Meðfylgjandi gögn: __ Afrit skilríkja __ Önnur skjöl	3.2 Samtals bls: 1 +
--	-------------------------

Staður og dagsetning

Undirskrift sendanda

Áreiðanleikakönnun viðskiptamanns

Einstaklingur búsettur héraendis

Samkvæmt lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

1.1 Nafn viðskiptamanns:	1.2 Kennitala:
1.3 Lögheimili:	1.4 Dvalarstaður:
1.5 Starfs viðskiptamanns:	1.6 Sími:
1.7 Persónuskilríki sem framvísað er: __ Vegabréf __ Nafnskírteini __ Ökukskírteini (skilríki skal ljósritað og áritað af starfsmanni)	

2.1 Fara viðskipti fram í þágu annars aðila (þriðja manns)? __ Já __ Nei Ef x Já, í þágu hvers fara viðskiptin fram? (svara 2.2-2.4)	
2.2 Nafn og kt. raunverulegs viðskiptamanns:	2.3 Heimilisfang:
2.4 Ástæða þess að viðskiptamaður á viðskipti í eigin nafni en fyrir hönd annars aðila:	

3.1 Hver er tilgangur viðskiptanna:

4.1 Hver er uppruni þeirra fjármuna sem notaðir eru í viðskiptunum:

Staður og dagsetning

Undirskrift viðskiptamanns

Fyllist út af starfsmanni tilkynningarskylds aðila:	Dags:
__ Gilt skilríki hefur verið ljósritað og áritað.	Samþykki starfsmanns:

Áreiðanleikakönnun viðskiptamanns

Íslenskur lögaðili

Samkvæmt lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka

1.1 Nafn lögaðila:	1.2 Kennitala:
1.3 Skráð heimilisfang:	1.4 Starfsemi lögaðila:
1.5 Nafn fyrirsvarsmanns/framkvæmdastjóra og kennitala:	1.6 Sími:
1.7 Nauðsynleg skjöl og upplýsingar í þeim:	
1.7.1 Vottorð úr hlutafélagaskrá eða sambærilegri skrá liggja fyrir (yngra en 3 mánaða):	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
1.7.2 Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra liggja fyrir:	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
1.7.3 Upplýsingar um aðila sem eiga meira en 25% í lögaðilanum liggja fyrir:	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
1.7.4 Upplýsingar um prókúruhafa og heimild hans til prókúru liggja fyrir:	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
1.7.5 Ljósriti af persónuskilríki prókúruhafa og fyrirsvarsmanns hefur verið framvísað:	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
1.7.6 Meta skal hvort þörf er á samþykktum lögaðilans og endurskoðuðum árreikningum.	

2.1 Fara viðskipti fram í þágu annars aðila (þriðja manns)? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei Ef x Já, í þágu hvers fara viðskiptin fram? (svara 2.2-2.4)	
2.2 Nafn og kt. raunverulegs viðskiptamanns:	2.3 Heimilisfang:
2.4 Ástæða þess að viðskiptamaður á viðskipti í eigin nafni en fyrir hönd annars aðila:	

3.1 Hver er tilgangur viðskiptanna:

4.1 Hver er uppruni þeirra fjármuna sem notaðir eru í viðskiptunum:

Staður og dagsetning

Undirskrift viðskiptamanns

Fyllist út af starfsmanni tilkynningarskylds aðila:	
<input type="checkbox"/> Nauðsynleg skilríki liggja fyrir.	Dags: _____ Samþykki starfsmanns: _____

D. Lagaákvæði sem koma til skoðunar við áreiðanleikakönnun

Lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka:

II. kafli. Könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.

4. gr. [Tilvik er áreiðanleikakönnun skal fara fram.]¹⁾

Tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum skulu kanna áreiðanleika viðskiptamanna sinna í samræmi við ákvæði þessa kafla í eftirfarandi tilvikum:

- Við upphaf viðvarandi samningssambands.
- Vegna einstakra viðskipta að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.
- Vegna gjaldeyrisviðskipta að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.
- Þegar grunur leikur á um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, án tillits til undanþágna eða takmarkana af neinu tagi.
- Þegar vafi leikur á því að fyrirbyggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu réttar eða nægilega áreiðanlegar.

¹⁾[L. 77/2008, 3. gr.](#)

IV. kafli. [Einfölduð könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.]¹⁾

¹⁾[L. 77/2008, 14. gr.](#)

■ 15. gr. [Viðskiptamenn sem lúta einfaldaðri könnun á áreiðanleika.

Þegar tilkynningarskyldur aðili hefur aflað fullnægjandi upplýsinga um að viðskiptamaður falli undir eftirfarandi er heimilt að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun:

- Lögaðilar sem taldir eru upp í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. og samsvarandi lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem til eru gerðar kröfur sambærilegar við kröfur laga þessara.
- Félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
- Íslensk stjórnvöld.

Við einfaldaða áreiðanleikakönnun gilda ekki ákvæði 5. og 6. gr. Ávallt skal þó skrá nafn einstaklings eða lögaðila, kennitölu og heimilisfang.]¹⁾

¹⁾[L. 77/2008, 11. gr.](#)

■ [15. gr. a. Tilvik þar sem beita má einfaldaðri könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.

Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að beita einfaldaðri könnun á áreiðanleika viðskiptamanna, sbr. 2. mgr. 15. gr.:

- Þegar staðfest er að greiðsla fyrir viðskipti verði færð til skuldar á viðskiptareikningi á nafni viðskiptamanns í starfandi fjármálafyrirtæki eða samsvarandi lögaðila sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, nema grunur leiki á að viðskiptin tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- Við gerð líftryggingarsamnings hjá fjármálastofnun, sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, ef árlegt iðgjald viðskiptamanns frá Evrópska efnahagssvæðinu er lægra en 1.000 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, eða ef um er að ræða eingreiðslu iðgjalds sem er lægri en 2.500 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Ef árlegt iðgjald er hækkað, þannig að það verði hærra en 1.000 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, skal krefjast framvísunar skilríkja, sbr. 5. gr.]¹⁾

¹⁾[L. 77/2008, 12. gr.](#)